

DETTIFOSSVEGUR

Framkvæmdavakt



Lilja Björk Pálsdóttir



FS670-15291
Reykjavík 2017

Forsíðumyndin:

Girðingarvinna við Hræreksstaði í landi Meiðavalla

Ljósmynd: Lilja Björk Pálsdóttir

© Fornleifastofnun Íslands

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: fsi@instarch.is

Innihald:

| | |
|----------------------|---|
| Aðdragandi..... | 4 |
| Vettvangsvinna | 4 |
| Niðurstöður..... | 6 |
| Viðauki | 8 |

Ljósmyndir:

| | |
|--|---|
| Mynd 1 Gróðurtorfur voru lagðar á ný eftir sléttun..... | 4 |
| Mynd 2 Loftmyndir frá Vegagerðinni sem sýna fyrirhugað vegstæði og girðingu um Hræksstaði og Tóvegg. | 5 |
| Mynd 3 Snið í ytri túngarð Hræksstaða | 6 |
| Mynd 4 Girðingarstæði við Hræksstaði. | 7 |
| Mynd 5 Girðingarstæði við Tóvegg | 7 |

Aðdragandi



Sumarið 2015 fór Vegagerðin þess á leit við Fornleifastofnun Íslands ses að fornleifafraeðingur vaktaði lagningu girðingar á leggnum frá Hræreksstöðum og að Tóveggjarstekk. Girðingin var lögð samhliða gerð nýs Dettifossvegar. Var vaktin gerð að kröfu Minjastofnunar Íslands skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

Vettvangsvinna

Í júní 2015 fór fram gröfuvakt vegna girðingarvinnu Vegagerðarinnar meðfram lagningu nýs Dettifossvegar, vestan Ásbyrgis. Fylgst var með gröfu slétta yfirborð þar sem girðingin var fyrirhuguð og girðingarstaurar barðir niður. Þar sem fjarlægja þurfti gróðurþekju, voru torfurnar lagðar aftur yfir raskið þar sem því var við komið.



Mynd 1 Gróðurtorfur voru lagðar á ný eftir sléttun.



Mynd 2 Loftmyndir frá Vegagerðinni sem sýna fyrirhugað vegstæði og girðingu um Hræksstaðir og Tóvegg.

Áður var búið að gera könnunarskurði í garðlög og aðrar minjar vegna fyrirhugaðs vegstæðis. (sjá skýrslu Fornleifastofnunar Íslands ses. númer FS400-08221)

Niðurstöður

Í þetta sinn var gröfuvakt á leggnum frá Hræreksstöðum að Tóveggjarstekk en þónokkuð er af þekktum minjum á því svæði. Ekkert nýtt kom í ljós við gröfuvaktina frá því sem kannað var árið 2008.



Mynd 3 Snið í ytri túngarði Hræreksstaða

Hreinsað var snið í ytri túngarði Hræreksstaða en árið 2008 hafði verið teiknað snið í þetta sama garðlag (Skurður 5, sjá FS400-08221, bls 15). Var þetta gert þar sem girðingin fór í gegnum garðinn nokkrum metrum fjær veginum en áður nefndur könnunarskurður. Borin voru saman sniðteikning frá 2008 og hið nýja snið og reyndust þau eins. Var því einungis tekin ný ljósmynd.



Mynd 4 Girðingarstæði við Hræksstaði.



Mynd 5 Girðingarstæði við Tóvegg

Viðauki

| Ljósmyndaskrá | | | |
|----------------------|--|------------|----------------------|
| Númer | Lýsing | Átt | Upphafsstafir |
| 1 | Girðingarstæði við Hræreksstaði | NV | LP |
| 2 | Girðingarstæði við Tóvegg | V | LP |
| 3 | Garðlag við Hræreksstaði, snið | V | LP |
| 4 | Garðlag við Hræreksstaði | SA | LP |
| 5 | Garðlag við Hræreksstaði | V | LP |
| 6 | Garðlag við Hræreksstaði, snið | V | LP |
| 7 | Garðlag við Hræreksstaði | V | LP |
| 8 | Garðlagssnið við Hræreksstaði, nærmynd | V | LP |
| 9 | Garðlagssnið við Hræreksstaði, nærmynd | V | LP |
| 10 | Garðlagssnið við Hræreksstaði, nærmynd | V | LP |
| 11 | Garðlagssnið við Hræreksstaði, nærmynd | V | LP |
| 12 | Garðlag við Hræreksstaði, snið | V | LP |
| 13 | Garðlagssnið við Hræreksstaði, nærmynd | V | LP |
| 14 | Garðlagssnið við Hræreksstaði, nærmynd | V | LP |
| 15 | Garðlagssnið við Hræreksstaði, nærmynd | V | LP |
| 16 | Vegstæði við Hræreksstaði | S | LP |